

5
FFÁ
2010 - 2015



Ársskýrsla FFÁ 2014 - 2015



Skýrsla formanns 2014 - 2015

Aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla 2014 var haldinn síðasta vor en ástæða þess að hann var að vori í Álfhólsskóla er eins og fyrr að við viljum geta hafði starfið af fullum krafti þegar skólinn er settur að hausti. Þannig vinnist tími til að nýta betur fyrstu daga og vikur til að koma vetrarstarfinu í gang frá fyrstu dögum skólahaaldsins. Með þessari breyttu tímasetningu aðalfunda er einnig verið að auðvelda foreldrafélaginu að taka þátt í undirbúningi í skólasetningu þar sem nýrri stjórn gefst m.a. kjörið tækifæri til að bjóða foreldra velkomna í skólann um leið og vetrarstarfið er kynnt. Við sameiningu skólanna Hjalla og Digra vorið 2010 hefur uppstokkun á skólastarfinu og tækifærið við endurhönnun nýss skóla verið notað til að bæta og auka áhrif foreldra, þátttöku og hlutverk. Við sjáum ýmis tækifæri í þessu ferli og vonandi tekst okkur smá saman að gera þátt foreldrarstarfsins sýnilegra í rekstri skólans. Okkur finnst ástæða til að fagna fyrsta áfanganum, 5 ár frá stofnun skólans og foreldrafélagsins með veglegu afmæliskaffi hér á eftir.

Í stjórn FFÁ í vetur hafa verið þau Guðni Björnsson formaður, Kristín Stefánsdóttir varaformaður, Íris Leósdóttir ritari, Karl Einarsson gjaldkeri, Hólmfríður Einarisdóttir, Sigurður Grétarsson og Erlingur Snær Erlingsson meðstjórnendur og varafólkið þau Kristín J Rögnvaldsdóttir, Ólafur Guðlaugsson og Stanislaw Bukowski. Í skólaráði sátu þær Selma Guðmundsdóttir fyrir foreldra og Hólmfríður Einardóttir sem fulltrúi stjórnar. Skólaráðið samanstendur af fulltrúum skólans, nemenda og starfsfólks auk fulltrúa úr grendarsamfélagi. Fundargerðir skólaráðsins má finna á heimasíðu skólans www.alfholsskoli.is.

Stjórnin hélt 14 fundi á skólaárinu en fyrsta mánuðinn í maí voru fundir vikulega. Stjórnin kallaði á sinn fund skólastjórnendur einu sinni fyrir áramót og aftur á seinni önn. Auk þess hefur stjórnin tekið þátt í umræðum og skipulagningu starfsins með stjórnendum og starfsfólki eftir því sem þurfa þykir en lykllinn að því starfi er það traust og trúnaður sem myndast hefur í samskiptum heimila og skóla, en eitt af því er að skólinn er opin fyrir öllu því starfi sem foreldrar þurfa að sinna og stjórnin m.a. fengið lykklavöldin þegar nýta þarf aðstöðu í byggingum skólans.

Annað árið í röð létum við kjósa bekkjarfulltrúa sl vor eftir nýju kerfi þar sem fráfarandi fulltrúar stóðu fyrir því vali í hverjum bekk, í stað þess að bíða eftir námsefniskynningu skólans í lok september þar sem kennarar sáu um valið. Þetta varð talsverð vinna fyrir stjórn og tókst bærilega sem auðveldaði amk bekkjarfulltrúavalið að hausti þar sem þá átti eftir að velja fólk í nokkrum bekkjardeildum.

Stjórn FFÁ 2014 - 2015



Guðni Björnsson
formaður



Kristín Stefánsdóttir
varaformaður



Karl Einarsson
gjaldkeri
varam. Skólaráð



Íris Leósdóttir
ritari



Sigurður Grétarsson
meðstjórnandi



Hólmfríður Einarisd.
meðstjórnandi
Skólaráð



Erlingur S Erlingsson
meðstjórnandi




Ólafur Gunnlaugsson
varamaður



Kristín J Rögnvaldsd.
varamaður



Stanislaw Bukowsky
varamaður



Selma Guðmundsd.
Skólaráð

Um haustið var skólasetningin enn með öðrum hætti en áður en foreldrafélagið tók þátt í 4 kynningarfundum með foreldrum og nemendum eftir skólastigunum yngsta, mið og elsta stigs. Gefinn var út kynningabæklingur FFÁ þar sem þetta hlutverk og þátttaka foreldra var tíundað eins og áður og var öllum foreldrum m.a. afhent eintak af bæklingnum í haust.

Að venju var eitt af fyrstu verkefnum stjórnar að kynna fyrir foreldrum leikfimitímana sem haldir eru yfir vetrartímann í HK íþróttahúsinu. Foreldrar, kennarar, ömmur og íbúar úr hverfinu stunda leikfimi undir stjórn Láru Sveinsdóttur íþróttakennara, þrisvar sinnum í viku, klukkustund í senn. Aðsóknin er ætíð með miklum ágætum.

Foreldrafélagið býður foreldrum fyrstu bekkinga að **versla ódýran pakka** með helstu skólavörum fyrir barnið sem duga á fyrsta árið. Fengin eru tilboð hjá bókaeverslunum og þannig næst að spara talsvert í innkaupum á stílabókum og ritföngum en farið er eftir innkaupalistum sem kennarar gef út á vorin. Verkefnið hefur spurst vel út og allir foreldrar taka þessu fagnandi á haustin þegar ýmis annar kostnaður fellur til við upphaf skólagöngu barnsins.

Frá fyrstu viku skólaárs hefur foreldrafélagið skipulagt hið svo kallaða Foreldrarölt en þá ganga foreldrar um hverfið einu sinni í viku að kvöldlagi og skiptast á dögum eftir bekkjardeildum. Þessi þáttur er stór liður í forvarnastefnu skóla og sveitarfélaga auk þess sem tækifæri skapast fyrir foreldra bekkjanna að kynnast fyrir utan veggj skólans að ekki sé talað um hreyfinguna og hollustu sem þessu fylgir.

Oft hefur verið tala um að bekkjarfulltrúar séubara skemmtikraftar þar sem þeir leggi til kökur og tíma til að fara í leiki við börnin. Við í stjórn foreldrafélagsins viljum ekki skoða málin frá þessu sjónarhorni eingöngu en viðurkennum hiklaust mikilvægi þátttöku foreldra í fjáröflunum og bekkjarkvöldum. Hinn þáttur skólastarfsins þe námið sjálft kemur okkur líka við og við þurfum að skoða og vera þátttakendur í umræðum og verkefnum sem snúa m.a. að kennslu, heimanámi, tölvunotkun, forvörnum, eineiltismálum og almennri uppbyggingu skólans. Til að auðvelda foreldrafélagi þetta hlutverk eru haldnir 2 fundir með öllum bekkjarfulltrúum og fulltrúum foreldra í stjórn og skólaráði þar sem fjallað er um þátttöku svo kallaðra skólaforeldra. Fyrri fundur FFÁ var haldinn 18. september þar sem allir 90 bekkjarfulltrúar skólans eru boðaðir og var mæting að venju mjög góð. Yfirskrift haustfundarins var **“Eru bekkjarfulltrúar bingóstjórar?”** Erindi fluttu Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri og fengin var fyrirlesari utan úr bæ en Helga Margrét Guðmundsdóttir hefur áður fjallað um bekkjarfulltrúastarfið í skólanum okkar og eins og áður af mikilli kunnáttu og færni. Bekkjarfulltrúar fóru tvíefldir inni hauststarfið eftir þennan fund.

Við vitum öll að bekkjarfulltrúastarfið er afar mikilvægt fyrir skóla sem tekur hlutverk sitt í uppeldi og menntun barna og fjölskyldna þeirra alvarlega. Gott bekkjarstarf byggist á samráði foreldra, kennara og nemenda og því eitt það mikilvægast sem við gerum sem foreldrar til að tryggja góða menntun barnanna. Góð samskipti, líðan barna og samvinna heimilis og skóla er lykillinn að góðum bekkjaranda og um leið hornsteinn að góðum skólabrag.



Til að efla bekkjarstarfið lagði foreldrafélagið áherslu á að allir bekkir skólans tækju fyrir foreldrasáttmálann fyrir 1. desember og var að því tilefni haldinn **Sáttmáladagur FFÁ** 13. nóvember. Óhætt er að segja að skólinn hafi fyllst af bekkjarfundum þar sem nokkrir bekkir funduðu sama daginn og síðan var skólinn "opnaður" fyrir alla þá bekki sem áttu eftir að halda sinn sáttmálafund 13. nóvember. Af 28 bekkjum luku 23 þeirra þessu verkefni fyrir 1. desember eða 82% sem eru mjög góðar heimtur en þeir sem þá áttu eftir að funda hafa klárað það síðar. Einn af þeim sem klárðu var síðan dreginn úr hatti þar sem bekkurinn er verðlaunaður með pizzaveislu í boði FFÁ en það er gulrótinn sem etv hefur fengið marga til að taka við sér tímanlega. Starf bekkjarfulltrúa og bekkjarforeldra hefur því verið með blómlegast móti í Álfhólsskóla en það á að vera hvatning fyrir okkur öll að halda góðu verki áfram.

Að venju var **Desemberfjörði** vel sótt og allir í jólaskapi. Breyting var gerð á þessari hátíð og skólinn allur opnaður meira fyrir viðburðina svo ekki myndaðist nein örtröð í stóra salnum að þessu sinni.

Á nýju ári var strax byrjað að undirbúa foreldrastarfið með fulltrúaráðsfundi 20. janúar undir yfirskriftinni **„Betra skólastarf, matur og næring, öryggi og gæsla“**. Þar komu starfsmenn skólans, matráðurinn Konni og húsverðirnir Anna Guðný og Jón Karl og upplýstu bekkjarfulltrúa um verkefni þeirra og reynslu. Umræður um mætaræði barnanna, föt í óskilum og hollustu morgunverðar skiluð okkur gagnlegum fundi.

Foreldrafélagið bauð foreldrum og starfsfólki skólans uppá foreldrafræðslu um **„Snjalltæki í skólanum“** 12. febrúar en fyrirlesarinn Björn Rúnar Egilsson kom frá Heimili og skóla (SAFT) og fjallaði um stórauðna notkun síma og tölvu í skólastarfinu og um jákvæðar og neikvæðar hliðar þessara mála.

Að venju gaf foreldrafélagið verðlaun á Öskudagsfjörinu en að öðru leyti sér starfsfólk skólans um viðburði á þessum degi. **Páskabingóið** var á sínum stað en yfir 50 páskegg voru í vinninga auk þess sem 10. bekkur seldi vöfflur í fjáröflunarskyni fyrir útskrifarferð þeirra í vor. Enn og aftur var metþátttaka foreldra á þessu bingófjöri.

Foreldrafélagið hefur eins og undanfarin ár styrkt ferðir nemenda í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði og að Laugum í Dalasýslu auk þess að styrkja vorferð 10. bekkinga.

Eitt verkefni FFÁ á þessu skólaári var öðruvísi og nýstárlegt en í samvinnu við Heimili og skóla og Álfhólsskóla lét félagið þýða þrjá bæklinga um **Foreldrasáttmálann yfir á pólsku**. Heimili og skóla hefur síðan látið prenta upplag af þessum bæklingi og dreift til nýbúadeilda um allt land þar sem þörf var orðin mikil fyrir kynningarefni fyrir pólskumælandi foreldra. Foreldrasáttmálinn er og eitt sterkasta tækið sem foreldrar hafa í höndum til að ræða saman um hagi og líðan barna sinna í skólanum, þökk sé FFÁ er þetta fræðsluefni núna til fyrir pólskumælandi foreldra.

Foreldrafélagið stofnaði Face Book síðu sem talsvert hefur verið notuð í vetur.



Haldinn var stefnumótunarfundur skólans í byrjun maí og var fjallað um heimanám að þessu sinni. Góð þátttaka foreldra var á fundinum og óhætt að segja að margt gott hafi verið lagt í sarpinn frá foreldrum sem skólayfirvöld taka með sér í starfið fyrir næsta starfsár. FFÁ vill þakka þeim sem sáu sér fært að sækja þennan mikilvæga lið í skólastarfinu.

Framundan í starfi foreldrafélagsins eru vorverkin; vorhátíð skólans og undirbúningur fyrir næsta skólaár og í byrjun júní er ætlunin að halda opinn skólaráðsfund um málefni skólans.

Lokaorð

Eins og ég nefndi í byrjun eru **5 ár síðan foreldrafélagið var stofnað** og við ætlum að fagna tímamótunum hér á eftir. Skólinn, sem oft er nefndur hjarta hverfisins, hefur vart slitið barnsskónum og framundan eru mótunarár sem bæði eru krefjandi og um leið spennandi. Það er heiður fyrir okkur foreldrana að vera með í þessu mótunarstarfi því öll viljum við að hverfið okkar mótist skynsamlega um þarfir okkar og barnanna og hér sé gott að búa í hvívetna. Ýmsar nýjungar í skólastarfi hafa verið í deiglunni og rödd foreldra kemur þar æ meir við sögu og í raun ætlast til þess að við sýnum verkefnum skólanna áhuga með því að láta í okkur heyra. Verkefni eins og Bláfáni, mat á skólastarfi og Heiluseflandi grunnskóli, eru á upphafsreit og því nauðsynlegt fyrir komandi stjórnir FFÁ að fylgjast vel með frá byrjun. Innra starf skólanna er einnig mikið í deiglunni og hefur stjórnin haft veruleg afskipti að málefnum dægradvalar, málefnum nýbúa og uppbyggingu skólalóðanna, svo eitthvað sé nefnt af því sem framundan er.

Ég vill nota þetta tækifæri til að þakka öllum sem komu að málefnum foreldrafélagsins á skólaárinu og þeim fjölmörgu sem störfuðu með okkur að framkvæmd verkefna, kennurum, starfsfólki, nemendum, foreldrum og skólastjórnendum. Sérstaklega langar mig til að þakka þeim sem nú standa upp úr stjórnarsætum sínum fyrir ánægjulegan tíma í vetur og óska þeim alls góðs á öðrum vettvangi.

Ég stend nú úr stóli formanns eftir 2ja ára setu og er þakklátur eftir þennan tíma. Formaður FFÁ er kjörinn til eins árs í senn og þarf að leggja verk sín í hendur kjósenda hvert ár vilji hann starfa áfram. Ég vel að hætta núna enda hef ég notað talsvert af mínum tíma fyrir foreldrafélagið síðan börnin mín hófu fyrst nám við Digranesskóla árið 2004. Ég hef kynnist hverfinu mínu sínu betur í þessu hlutverki, skólastarfinu, menntamálum í Kópavogi og pólitíkinni, auk þess sem skemmtileg kynni við aðra foreldra, stjórnarfólk og starfsfólk skólans hafa verið mjög gefandi og traust. Þessum tíma hefur verið vel varið.

Takk fyrir mig
Guðni Björnsson



Nokkrir viðburðir FFÁ

Foreldrar, nemendur og fjölskyldur Álfhólsskóla!

DESEMBER FJÖR 2014

Laugardaginn 29. nóvember nk. kl. 10:00–14:00 Hjallamegin

Laufabraud *bætt aðstaða - betri steiking*

Góð aðstaða verður til að skera laufabrauðskökur út og úrvælið reynslubolta sér svo um að steikja þær. Aðstaða verður á 3 stöðum í skólanum, í sal og opnum rýmum á unglingsdeild og miðstigs. Vinsamlegast athugið að taka með ykkur hnifa eða laufabrauðsjám til að skera **bretti** og **ilát/kassa** undir kökurnar.

5 stk laufabrauðskökur kosta kr. 900
10 stk laufabrauðskökur kosta kr. 1.500

Hægt að greiða með kortum (posar á staðnum).

Jólafondur

Við ætlum einnig að fönndra smá en seldir verða tilbúin röndurpokar á 650 kr. Gott er að hafa með sér góð skazi, heftara, en lím og litir/máling verður á staðnum.

Piparkökuskreytingar

Fyrir þá sem vilja skreyta piparkökur þá hvetjum við þá til að hafa með sér piparkökur og skreytingaefni, en við seljum líka piparkökur og við skófum aðstöðuna.

Um allan skóla

Skera út laufabrauð, skreyta piparkökur, fönndra jólaskraut eða bara að gæða sér á dýrindis rjómaöfflum heitu kakói og öðru góðgæti, hlusta á jólatóna og fá í leiðinni jólaandann yfir sig.

Við byrjum kl. 10.00

Bestu kvæður, laufabrauðs-nefndin og FFÁ

Vöflur og kakó

Veitingasalan er fjörfleum í ferðisjó 9. bekkjar. Kaffi, kakó eða svái og heitar vöflur með rjóma verða til sölu á vægu verði.

Barnakór og hljómsveit

Skólakórinn og Skólahljómsveit Kópavogs sjá um að flytja jólaögin og skapa réttu stemminguna um allan skólann.

Dagskrá

kl.10.00	Húsið opnar
kl.12.00	Sáttmálabeður 2014 dreginn út
kl.12.10	Barnakórinn
kl.13.00	Skólahljómsveit Kópavogs
kl.14.00	Dagskrárick

Frá Foreldrafélagi Álfhólsskóla

Bekkjarfulltrúar Álfhólsskóla:

SÁTTMÁLADAGUR FFÁ

fimmtudaginn 13. nóv. '14

Fyrir þá bekkji sem ekki hafa yfirfarið FORELDRASÁTTMÁLANN gefst nú kjörið tækifæri til að boða foreldra til bekkjarfundar næstkomandi fimmtudag í Álfhólsskólanum, Hjalla megin.

Frá kl. 17.30 - 21.00 geta bekkir komið í skólan til að fara yfir Foreldrasáttmálann með foreldrum hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar geta tekið frá þann tíma sem hentar bekknum þennan dag en ætla má að hver fundur sé 1-2 klst. langur. Fundirnir verða í skólaföfum Hjalla.

VELJIÐ TÍMA:
Hafið samband við stjórn FFÁ (gsm 899 0253) eða ffalhol@gmail.com og pantið tíma á fimmtudeginum 17.30 - 21.00 sem hentar bekknum.

Stjórn FFÁ verður til halds og trausts um yfirferð sáttmálans í bekkjum og leiðbeinir bekkjarfulltrúum um framkvæmdina á fimmtudaginn.

VERÐLAUN
Þeir bekkir sem verða búnir að yfirfara foreldrasáttmálann fyrir 1. desember n.k. eiga möguleika á PIZZAVEISLU fyrir allan bekkinn, foreldra og nemendur í boði FFÁ.

FULLTRÚARÁÐSFUNDUR FFÁ 2014:

ERU BEKKJARFULLTRÚAR BINGÓ STJÓRAR?

Fulltrúaráðsfundur foreldrafélags Álfhólsskóla verður haldinn fimmtudaginn 18. september nk., kl. 19:30 á sal í Hjalla.

DAGSKRÁ

- Kynning á stjórn og stefnu FFÁ**
- Vetrarstarfið kynnt**
Guðni Björnsson; nefndir og verkefni. Forstöðumaður; PEGASUS. Fulltrúi nemendaráðs; samstarf nemenda og FFÁ.
- Eru bekkjarfulltrúar bingó stjórar?**
Helga Margrét Guðmundsdóttir, tómsunda- og félagsmálaráðgjafingur BA Sigrún Bjarnadóttir, skólástjóri

HÍÉ Veitingar. Umræður.

4. Hlutverk bekkjarfulltrúa í Álfhólsskóla
Nokkur af helstu verkefnum vetrarins tekin fyrir.

Mætum öll!

Á FUNDINN ERU BODADIR: STJÓRN FORELDRÁFÉLAGSINS, BEKKJARFULLTRÚAR, FULLTRÚAR FORELDRA Í SKÓLARÁÐI OG ÖÐRU SAMRÁÐI Í FORELDRASTARFI

MUNDI! HAPPDRÆTTI - góðir vinningar!
Þeir sem mæta komast í pottinn :)

FULLTRÚARÁÐSFUNDUR FFÁ 2015:

BETRA SKÓLASTARF

MATUR & NÆRING - ÖRYGGI & GÆSLA

Fulltrúaráðsfundur foreldrafélags Álfhólsskóla verður haldinn þriðjudaginn 20. janúar nk., kl. 20:00 á kaffistofu kennara Hjalla.

DAGSKRÁ

- Opnun**
- Skólamaturlaus og næring - Hjalli og Digranes**
Guðmundur Konráð Armmundsson, matreiðslumaður skólans
- Skólalóðirnar og frímínútur?**
Anna Guðný Björnsdóttir, umsjónarmaður Hjalla
Jón Karl Kristjánsson, umsjónarmaður Digranesi

HÍÉ Veitingar. Umræður.

4. Hver verða verkefni vorsins?
Gjafalaus áfærli
Alþjóðadagur Álfhólsskóla
Markaðstorg Álfhólsskóla
Foreldrarölt
Samfélagsmiðlar í foreldrastarfi
Dagskrá bekkjarfulltrúastarfs
- Dregið úr happdrættinu

Mætum öll!
Stjórn FFÁ

Á FUNDINN ERU BODADIR: STJÓRN FORELDRÁFÉLAGSINS, BEKKJARFULLTRÚAR, FULLTRÚAR FORELDRA Í SKÓLARÁÐI OG ÖÐRU SAMRÁÐI Í FORELDRASTARFI AUK UMÞJÓFNARKENNARA

„ÞARF ÉG 100 LIKE TIL AÐ EIGNAST VIN?“
Ekki missa af fræðslu um síma- og netnotkun barna og unglinga

FRÆÐSLUERINDI UM

SNJALLTÆKI Í SKÓLANUM

snjallsímar, snjalltölvur og netnotkun

Fyrirlestur um það nýjasta í samskiptamálum foreldra og barna á netinu í gegnum snjalltæki og tölvur! Hvað ber að varast í skólanum - og hver eru áhrif foreldra?

FIMMTUDAGINN 12. FEBRÚAR 2015
í sal Hjalla kl. 19.30 - 21.00

Fyrirlesari:

Björn Rúnar Egilsson

Verkefnastjóri Heimilis- og skóla

Aðgangur ókeypis!

Allir velkomnir foreldrar, kennarar og starfsfólk

Þið boðið FFÁ ALFHÓLSSKÓLI Foreldrafélag

Ekki missa af þessu!

ALFHÓLSSKÓLI Foreldrafélag

ÞáskaBINGÓ

verður haldið í sal Álfhólsskóla (eyjalit) laugardaginn 21. mars 2015 kl. 12 - 14

Skipað kostur 500 kr. - í upplifi 1.200 kr.

KAKÓ & VÖFFLUR
10 bekkjarfulltrúa með kakó- og rjómaöfflu eru til styrktar skólafélaginu sínu í mat

Mætum öll!
Þessu koma fyrir til!
Þáskaöngvefningin

ALFHÓLSSKÓLI Foreldrafélag

MARKAÐSTORG

í Álfhólsskóla

Markaðstorg FFÁ laugardaginn 28. febrúar nk. kl. 11 - 14 í sal Hjalla skóla

Það verður skemmtileg þortsemning og ýmislegt nýbærlegt til sölu eins og notað og ný barn- og leikubúnað, leikþing, skóla, skólar, borðbúnaður, handverk og margt fleira.

Komið og gerið góð kaup í skemmtilegu umhverfi! Fyrir koma fyrir til!